

# Kosningaáherslur

## Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í Kópavogi

Kópavogur á að vera samfélag fyrir okkur öll. Við eigum öll að geta notið okkar og bærinn að vera það jöfnunartæki sem dugar til að gera okkur það kleift. Við viljum að bærinn hlusti á raddir allra, á sjónarmið allra og hleypi íbúum að borðinu þegar ákvarðanir eru teknar. Við viljum að bærinn hugsi um komandi kynslóðir, um börnin okkar og barnabörn, já og barna barnabörn. Við viljum að þau taki við betra búi en við tókum við.

Til að gera þetta þarf meira en orð og góðan vilja, það þarf aðgerðir. Við viljum að bærinn sé skjól fyrir okkur, umhverfið sé okkar allra og bærinn geri sitt til að vernda það. **Við viljum ganga lengra** í að gera það samfélag sem Kópavogur er, betra og sterkara. Þannig verðum við fær um að takast á við áskoranir framtíðarinnar og tryggjum að Kópavogur sé **samfélag fyrir okkur öll**.

### Íbúasamráð

VG vilja víðtækt samráð við íbúa um þau mál er snúa að samfélaginu. Bæði mál er varða þjónustu og þau er varða umhverfi og skipulag. **Kosningar um stærri skipulagsmál**, sem varða allan bæinn og smærri sem varða stök hverfi, ætti að gera auðveldari og gjarnan rafrænar. Við viljum að hærri upphæðir fari til verkefna sem valin eru af íbúum í kosningum. **Íbúarnir eiga að ráða, ekki verktakarnir.**



## Velferð

**Sveitarfélög eru jöfnunartæki** og eiga að gera það sem þau geta til að jafna aðstöðu fjölskyldna. VG vilja að bærinn setji sér markmið um veitingu félagsþjónustu á öllum sviðum, hvað varðar bið eftir þjónustu, þjónustumagn, greiðsluþátttöku (þegar við á) og aðgengi. Bærinn á að tryggja að þau sem þurfa að fá stuðning bæjarins til framfærslu geti lifað mannsæmandi lífi. Kópavogur hafi frumkvæði að því að **félagslegur stuðningur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sé samræmdur.**

Bærinn á að tryggja að börn fólks í lægri tekjubílum fái **niðurfellingu æfingagjalda vegna íþrótt- og tómsundastarfs.** Bærinn á að hvetja til hreyfingar fólks á öllum aldri og horfa sérstaklega til eldra fólks með stuðningi við skipulagða hreyfingu.


Bærinn á að **skapa störf fyrir fólk með skerta starfsgetu** og hvetja fyrirtæki í bænum til hins sama, t.d. með hvötum og ívilnunum. Kópavogur á að vera í fararbroddi hvað varðar þjónustu

við eldra fólk og stuðla að öruggri sjálfstæðri búsetu eldra fólks eins lengi og það kýs. Bærinn á að beita sér til að tryggja að **framboð á hjúkrunarrýmum í Kópavogi nái að lágmarki landsmeðaltali.**

## Húsnæði

Bærinn tryggi með húsnæðisframlögum eins og húsaleigubótum og styrkjum að engin fjölskylda eða einstaklingur þurfi að verja meira en **þriðjungu ráðstöfunartekna til að tryggja sér öruggt húsnæði.** Bærinn taki frá lóðir fyrir **óhagnaðardrifin leigufélög** og tryggi að í hverju hverfi sé gert ráð fyrir íbúðum fyrir tekjulægra fólk. Bærinn taki upp **sérstaka húsnæðisstyrki fyrir ungt fólk** sem er að stofna heimili í fyrsta sinn, hvort heldur er í leigu eða eignaríbúðir.





## Skólar

Kópavogur verði fyrsta stóra sveitarfélagið sem **hættir alfarið gjaldtöku í grunnskólum** (skólamáltíðir, frístund, skemmtanir, ferðalög, atburðir). Bæjarstjórn setji strax upp áætlun til næstu 4 ára sem tryggi þetta markmið.

**Leikskólinn verði gjaldfrjál** í áföngum, fyrst þannig að engin fjölskylda borgi með nema einu barni. Bærinn tryggi börnum **leikskólaláss þegar fæðingarorlofi lýkur**. Þar til því marki er náð verði þjónusta dagforeldra niðurgreidd til jafns við leikskólagjöld.

## Umhverfi og skipulag

**Engar skipulagsbreytingar** verði gerðar á grónum hverfum **án samráðs við þá íbúa** sem þar eru fyrir. Íbúakosningar verði notaðar til að ná sátt um breytingar.

Við gerð skipulags og við framkvæmdir verði alltaf miðað við að framkvæmdir raski sem minnst óspilltri náttúru og náttúru og menningarminjum. Bærinn noti **kolefnisbókhald** við að meta gæði framkvæmda. Bærinn styrki fyrirtæki og einstaklinga, þ.m.t. húsfélög í fjölbýli, við uppsetningu rafhleðslustöðva. **Bærinn kaupi eingöngu kolefnishlutlausa vörur og þjónustu eftir 2025**. Tölusett markmið um gerð hjólastíga og göngustíga í bænum. Tengingar við nágrennasveitarfélögin verði áfram bætтар. Vetrarhirðing göngu og hjólastíga sé í forgangi.

Bærinn beiti sér á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, og í samráði við ríkið, fyrir því að áfangaskiptingu Borgarlínu verði flýtt og verklokum hraðað. Áætlun um svokölluð 15 mínútna hverfi verði gerð fyrir allan bæinn og leitað leiða til að öll geti sótt grunnþjónustu nálægt heimili. **Bærinn auðveldi íbúum að lifa umhverfisvænum lífsstíl**.

Bærinn bæti aðgengi og upplýsingar um friðlýst svæði í bæjarlandinu. Friðlýstum svæðum verði fjölgað og bæjarbúum boðið til samstarfs um vernd þeirra og umhirðu.

## Íþróttir og menning

Tekið verði upp samstarf við íþróttafélögin um að efla menntun þjálfara, einkum á yngri stigum. Bærinn bjóði félögum stuðning til að efla menntun þeirra sem þjálfar og kenna börnum í frístundum. Bærinn styðji sérstaklega við íþróttar og tólmstundastarf barna af erlendum uppruna og barna frá tekjulágum fjölskyldum.

**Kópavogur á að taka upp vinabæjarsamskipti við Kharkiv í Úkraínu** og hvetja önnur sveitarfélög til að taka upp vinabæjarsamskipti við aðra bæi þar í landi.

Leitað verði samstarfs við íþróttar- og tólmstundafélög til að **styttu vinnudag barnanna** og að vinnudagur þeirra að meðtöldu íþróttar og tólmstundastarfi verði ekki lengri en 8 tímar. Bærinn taki upp sérstaka **styrki til ungs listafólks** svipað og er gert með ungt íþróttafólk.

VG vilja skoða hvernig hægt er að tryggja stöðu og starfsemi Héraðsskjalasafnsins með það að markmiði að varðveita menningarverðmæti sögunnar og búa safnið undir varðveislu gagna framtíðarinnar.

## Fjárhagur

Fjárhagsáætlanir verði unnar í samvinnu allra bæjarfulltrúa. Þátttökufjárlagagerð verði aukin. Bærinn beiti sér á vettvangi sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir því að lög um tekjustofna sveitarfélaga verði endurskoðuð.

Sveitarfélög fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti og gistináttagjaldið verði flutt til sveitarfélaganna. Heimildir sveitarfélaga til töku umhverfisgjalda og notkun umhverfisívilnana verði lögfestar.

**Enn fleiri málefni** og kosningaáherslur VG á landsvísu má finna á vefslóðinni:

<https://x22.vg.is/>

